

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps
nr. 226 26. maí 1977.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald, kr. 469.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 3 765.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun bera að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 550.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 16. ágúst 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ**fyrir Rafveitu Grindavíkur.****I. RAFORKA**

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 78.91 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 30.86 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 343.75 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 114 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 19.73 hverja kWst. auk mælaleigu.